

2

2. jan.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 104 28. des. 1942, um innheimtu á ýmsum gjöldum árið 1943 með viðauka.

Hér með auglýsist, að ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 104 28. desember 1942 og innheimta með 40% viðauka: vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 1. mgr. 2. gr. fyrir nefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1943.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

3

15. jan.

## GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Verð á rafmagni rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar er:

a. Til ljósa:

1. Um hemla kr. 480.00 fyrir kílóvattár.

2. Um mæla kr. 0.60 fyrir kílóvattstund.

b. Til véla við iðnrekstur um mæla kr. 0.40 fyrir kílóvattstund.

c. Til suðu og hitunar kr. 0.10 fyrir kílóvattstund.

d. Ársleiga eftir mæli er kr. 8.00, en eftir hemil kr. 2.00.

Ofanskráð gjöld er bæjarstjórninni heimilt að hækka eða lækka um 25%, án þess að stjórnarráðsstaðfesting komi til. Heimilt er bæjarstjórn og, ef þörf krefur, að skammta rafmagn um mæli þannig, að notendum sé gert að greiða allt að þreföldu gjaldi fyrir þann straum, sem þeir nota fram yfir tiltekið hámark á mánuði hverjum.

Gjöldin skal innheimta með álagi miðuðu við visitölu kauplagsnefndar þannig:

Þegar visitalan er	126—150	stig	hækki	gjöld	samkv.	gjaldskrá	um	5 %
—	—	—	151—175	—	—	—	—	10 —
—	—	—	176—200	—	—	—	—	15 —
—	—	—	201—225	—	—	—	—	20 —
—	—	—	226—250	—	—	—	—	30 —
—	—	—	251—275	—	—	—	—	40 —
—	—	—	276—300	—	—	—	—	50 —
—	—	—	301—325	—	—	—	—	70 —
—	—	—	326—350	—	—	—	—	80 —

2. gr.

Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggna bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf. Enn fremur er bæjarstjórninni heimilt að semja um sölu rafmagns á öðru verði en ákveðið er í 1. gr., þegar sérstaklega stendur á.